

Byrjað að dreifa blöðum með ársreikningi félagsins og blöðum til bekkjartengla með hugmyndum og starfslýsingu þeirra.

1. Fundur settur
Guðmunda býður alla velkomna og stingur uppá Halldóru sem fundastjóra og Þórunni sem ritara og það er samþykkt.
2. Byrjað að kynna stjórnina þ.e. Halla, Poula, Guðmunda, Þórunn og Stefán en hann komst ekki. Guðmunda fer yfir veturinn og hvað bekkjartenglar hafa gert. Jólaföndur með hefðbundnum hætti og eins vorhátíðin. Guðmunda segir frá erindi sem hún fór á sem heimili og skóli stóðu fyrir og segir lauslega frá því.
3. Ársreikningur
Poula fer yfir ársreikninga og útskýrir þá. Boðið er uppá umræður. Halldóra talar um hversu mikilvægt starf foreldra er.
4. Kosningar
Út úr stjórn ganga Poula gjaldkeri og Halla meðstjórnandi og inn koma Vigdís Guðjónsdóttir sem meðstjórnandi og Inga Birna Baldursdóttir sem gjaldkeri.
5. Önnur mál
Guðmunda byrjar að segja frá því að Hvolsskóli er 100 ára 10.okt. og hún biður Halldóru að segja frá hvað sé fyrirhugað að gera. Halldóra segir frá helstu hugmyndum s.s. nemendur eiga að ganga á gömlu leiðirnar í skólann og enda í útiskólastofu sem verið er að hanna í Skólaskógi. Þar á að vera grillveisla og smá athöfn því það á að vígja formlega útistofuna. Beðið er um aðstoð foreldra við að sjá um grillveisluna. Þann 31. október verður svo afmælishátíð þar sem stigin hafa skipt á milli sín tímabilum og ætla að vinna sýningar í tengslum við skólasöguna. Hugmyndin er að það sé uppákoma einu sinni í mánuði í tengslum við afmælisárið.
Guðmunda tekur við og segir frá því það eigi að gefa skólanum gjöf sem verður ákveðin í samráði við skólastjóra og af óskalista skólans. Á stjórnarfundum kom fram að mikil ánægja væri með jólaföndur og ákveðið að hafa það með hefðbundnu sniði en gaman væri að koma með einhverja uppákomu. Óskað eftir hugmyndum hjá foreldrum. Fram kemur hugmynd um að búa til kerti eða mála á kerti. Önnur hugmynd var að setja upp jól frá gamla tímanum og hafa sýningu í kringum jólaföndrið.
Guðmunda óskar eftir því til bekkjartengla að þeir skili af sér til stjórnar hvað þeir hafi gert. Sú hugmynd kemur að bekkjartenglar mæti á skilafund að hausti og skili þá af sér möppum og því sem hefur verið gert. Poula segir frá því sem gert var hjá 1. bekk síðasta vetur en þá var m.a. grillað á Heimalandi. Umræður um það sem bekkjartenglar geta gert og hvað hefur verið gert.
Guðmunda segir frá því að hún hafi haft samband við Helluskóla og Laugarlandsskóla um að vera í samstarfi þegar fyrirlestrar eru fyrirhugaðir. Þar er verið að skoða fyrirlestrar um einelti

og forvarnir og öllum líst vel á að vera með. Halldóra segir frá því að á haustþingi hafi kennarar fengið kynningu á Blátt áfram verkefninu.

Hugmynd kemur um að fá afa og ömmu og foreldra til að vera með okkur þegar við förum í að spila sem verður í kringum miðjan nóvember en búið er að ákveða þetta á yngsta stigi. Jafnvel væri hægt að fá fólk frá elliheimilinu til að kenna spil.

Guðmunda minnir á að nýju grunnskólalögin verða kynnt á Selfossi í fjölbraut 13. okt klukkan átta.

Halldóra greinir frá því að skv. nýju lögnum verði ekki lengur foreldraráð heldur skólaráð og fer yfir hverjir sitja í því. Foreldrar þurfa að móta sér reglur um hvernig verði staðið að kosningu til að velja í þessa nefnd. Í foreldraráð hefur farið fram leynileg kosning og það þarf að ákveða hvort það verði leiðin sem verður valin í skólaráð. Ekki er komin út reglugerð um þessi mál en reglugerðin er í smíðum.

Hugmynd kemur fyrir 10. bekk að sveitarfélagið kynni þau störf sem í boði eru. Mikilvægt er að tengja þessa krakka við heimabyggðina og oft gera þau sér ekki ljóst hvaða möguleikar eru í boði.

Borin var fram spurning hvernig hagnast megi af smokkasjálfsala og útskýrir gjaldkeri þau mál.

Ekki voru fleiri sem vildu taka til máls. Guðmunda þakkar Halldóru fyrir góða fundarstjórn og eftir fylgir lófaklapp og svo slítur Guðmunda fundi klukkan 21:45.